



Borgarráð

Fyrirspurnir borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um bréfasendingar í tengslum við aðgerðir til að auka kosningaþátttöku

Á fundi borgarráðs þann 14. febrúar 2019 var svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins lögð fram:

"Óskað er eftir upplýsingum um hversu mörg bréf voru send út í tengslum við að auka kjörsókn í heild sinni. Hversu mörg þeirra voru send til ungs fólks og í hvaða hverfi borgarinnar? Hversu mörg bréf voru send til innflytjenda og hversu mörg bréf voru send konum 80 ára og eldri? Þá er einnig óskað upplýsinga um hversu mörg smáskilaboð voru send út."

Á fundi borgarráðs þann 21. febrúar 2019 var svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins lögð fram:

"Óskað er eftir upplýsingum um fjölda smáskilaboða vegna kosningaþátttökuverkefnis sem send voru af fulltrúum Háskóla Íslands í gegnum Félagsvísindastofnun og tímasetningu þeirra. Þá er óskað eftir fjölda bréfa sem fóru út á ungt fólk. Enn fremur er óskað eftir fjölda bréfa á konur yfir 80 ára annars vegar og fjölda bréfa til innflytjenda hins vegar "

Svör:

Heildarfjöldi bréfa sem send voru út voru 6.854.

Bréf til ungra kjósenda sem hlotið höfðu kosningarétt frá síðustu sveitarstjórnarkosningum voru 4.000. Þau voru send í öll hverfi borgarinnar. Endursend voru 184 bréf.

Bréf til kvenna 80 ára og eldri voru 2.366. Endursend voru 66 bréf.

Bréf til innflytjenda og erlendra ríkisborgara sem hlotið höfðu kosningarétt frá síðustu sveitarstjórnarkosningum voru 488. Endursend voru 95 bréf.

Smáskilaboð til ungra kjósenda, sem send voru út á kjördag milli kl. 11.00 og 12.00, voru um 800.

Með kveðju

Anna Kristinsdóttir
Mannréttindastjóri

